

Ársfundur 2026

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna verður haldinn miðvikudaginn 27. maí næstkomandi kl. 17.00 á Hotel Reykjavík Grand.

Dagskrá:

1. Hefðbundin störf ársfundar skv. 6. gr. samþykktá sjóðsins
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
3. Önnur mál

Rafrænt stjórnarkjör

Vakin er athygli á að viku fyrir ársfund fer fram rafræn kosning þriggja stjórnarmanna og skulu tilkynningar um framboð, ásamt upplýsingum um starfsferil, berast skriflega til skrifstofu sjóðsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund skv. 2. grein samþykktá sjóðsins. Verða framboðendur kynntir á heimasíðu sjóðsins eftir að framboðsfresti lýkur þann 13. maí.

Rafræn kosning til aðalstjórnar hefst kl. 17:00 miðvikudaginn 20. maí 2026 og stendur yfir til kl. 17:00 þriðjudaginn 26. maí 2026. Á þeim tíma munu sjóðfélagar einnig eiga þess kost að greiða atkvæði á skrifstofu sjóðsins á venjubundnum afgreiðslutíma. Niðurstöður kosningar verða kynntar á ársfundinum skv. 2.5 gr. samþykktá. Á fundinum fer jafnframt fram kosning þriggja stjórnarmanna til vara og teljast framboðendur til aðalstjórnar sem ekki ná kjöri einnig vera í kjöri til varastjórnar.

Sjóðfélagar sem ekki mæta á fundinn geta fylgst með fundinum í gegnum vefstreymi.

Ef um tillögur til breytinga á samþykktum verður að ræða munu þær liggja frammi á skrifstofu sjóðsins að Skipholti 50b eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Allar nánari upplýsingar varðandi ársfundinn verður hægt að nálgast á vef sjóðsins www.lifbank.is

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna



Skipholti 50b • 105 Reykjavík • Sími 569 0900
lifbank@lifbank.is • www.lifbank.is